

062/00 - Goðafoss

Goðafoss tekur niðri í innsiglingunni til Húsavíkur

Goðafoss

Skipaskr.nr.:

Smíðaður: í þýskalandi 1982 úr stáli

Stærð: brl; 5.503,00 bt

Lengd: 106,00 m **Breidd:** 19,00 m **Dýpt:** m

Vél: kW **Árgerð:**

Annað: Skipið er skráð á Antigua - Barbuda, skr.nr. 2720

Földi skipverja:

Atvikalýsing

Hinn 26. maí 2000 var m.s. Goðafoss á siglingu inn til Húsavíkurhafnar. Veður: hægviðri (austnorðaustan andvari), bjartviðri.

Þegar 1,5 - 2,0 sml voru eftir að höfninni var vélarafl minnkað og siglt á mjög hægri ferð þegar nálgaðist höfnina. Þegar skipið varstatt eina og hálfu skipslengd suður eða suðvestur af enda Norðurgarðs tók skipið tvisvar niðri. Var skipinu siglt áfram og að bryggjunni. Eftir að komið var að bryggju var fenginnafari til að kanna skemmdir á skipinu.

Við köfun kom í ljós dæld á botni skipsins stb.-megin aftarlega og að skrúfublöð voru skemmd, begin og brotin. Ákveðið var að skipinu yrði siglt til Akureyrar til viðgerðar.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sagði að samkvæmt korti og dýpismælingum frá Siglingastofnun Íslands frá september 1998 ætti minnsta dýpi á stórstraumsfjöru að vera 6,60 metrar. Rista skipsins var sögð hafa verið 6,40 metrar;
- að fenginn varafari til að kafa og skoða ummerki á sjávarbotni. Kafarinn taldi sig hafa fundið ummerki á sjávarbotni er gætu skýrt hvar skipið var þegar það tók niðri eða staður um $66^{\circ}02'590\text{ N}$ og $17^{\circ}21'175\text{ V}$. Minnsta dýpi var mælt 6,2 metrar. Köfunin fór fram þegar lágsjávað var eða nálægt háfjöru;
- að samkvæmt hafnarkorti útgefnu af Sjómælingum Íslands er skráð dýpi 4,70 m á þeim stað sem ummerki á sjávarbotni voru;
- að við köfun, þegar leitað var eftir hvar skipið hefði tekið niðri, kom í ljós að ummerki á botngróðri voru augljós á þaranum eins og eftir sláttuvél. Var stefna farsins í 240° eða 230° - 270° eins og fram kemur í skýrslu kafara;
- að þegar skipinu var siglt inn í höfnina var útfall og vantaði um 2 tíma í fjöru.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök þess að skipið hafi tekið niðri, að því hafi verið siglt of sunnarlega og út úr leiðarlínu á leið sinni inn í höfnina.

Leiðarlína liggur nærri grynningu og þegar svo djúpristu skipi, sem Goðafoss er, er siglt inn á grunnt hafnarsvæði þarf að huga vel að siglingu með hliðsjón af leiðarmerkjum og fara ekki út af markaðri leið nema tryggt sé að nægjanlegt dýpi sé fyrir skipið. Sérstaka aðgæslu þarf að viðhafa við siglingu inn í höfn á útfalli ef dýpi er takmarkað.

Tillögur í öryggisátt

Nefndin telur nauðsynlegt að gera breytingu á leiðarmerkjum sem leiða í r/v $113^{\circ}5$ og færa

þau norðar svo að þau gefi leiðarlínu um r/v 080° eða setja ný merki er marki þá leiðarlínu sem gefi stjórnendum stórra og djúpristra skipa, sem leggjast eiga að Norðurgarðinum, meira svigrúm til að snúa skipinu að bryggjunni.